

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 21. október 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Sveinn Magnússon, Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Ólafur Elisson, Hafsteinn Gunnarsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var síðan samþykkt samhljóða.

- Skólastarfið og það helsta framundan:** Skólastarfið hefur verið hefðbundið frá síðasta fundi, nokkuð um veikindi og einn dag féll kennsla niður vegna mikils hvassveðurs. Kennarar hafa unnið að miðannarmati, sem sent var út 13. okt. Í byrjun október var gefið út fyrsta fréttabréf vetrarins, með gagnlegum upplýsingum fyrir forráðamenn og nemendur. Í kjölfarið var gerð tilraun til að halda fund í foreldrafélagi skólans, en mæting var léleg og ekki tókst að skipta um stjórn, eins og stefnt var að. Ákveðið var að boða til annars fundar. Í lok sept. settust kennarar á stutt námskeið um einelti í skólum. Nemendur á fyrsta ári fengu nokkrar heimsóknir, með ýmis konar fræðslu. Stjórnendur skólans sóttu fund 6. október, með fulltrúum annara ríkisstofnana í Eyjum, bæjarstjórn og nokkrum þingmönnum, þar sem farið var yfir niðurskurð fjárframlaga og hættuna á að tapa störfum héðan. Í byrjun annar var ákveðið að senda fulltrúa skólans í heimsóknir til þeirra framhaldsskóla á landinu, sem hafa verið að prófa nýjungar í skipulagi starfs og kennslu. Fyrsta heimsóknin var 15. – 16. október, þá fóru Baldvin aðst.skólameistari og Bertha íslenskukennari, í Framhaldsskólann á Höfn í Hornafirði og kynntu sér hvernig þeir gera hlutina. Talsverð umræða varð um þetta, hvað læra mætti af öðrum og skemmtilega tengingu skólans á Höfn við stofnanir og mannlíf staðarins. Sl. mánudag sótti skólameistari fund samstarfsnefndar Menntamálaráðuneytisins, þar sem farið var yfir fjármál skólanna, gerð nýrra skólasamninga, innritunarmál og námskrárvinnu. Framundan eru fundir vegna skólasamnings og munu fulltrúar ráðuneytisins koma í heimsókn til okkar 9. nóvember. Á næstu dögum munu nemendur velja áfanga fyrir næstu önn. Kennslu haustannar lýkur svo 3. des og taka þá við próf og annarlök, sem verða laugardaginn 19. des.
- Fjárlagafrumvarp og fjárhagshorfur:** Hjá okkur eru fjármálin erfið, en við höldum samt okkar striki eins og hægt er. Búið er að skera niður kennslu og fækka kennurum, en mesta áhygguefnið er samt það, að fjárlagafrumvarpið 2010 miðar við alltof lága áætlun um fjölda ársnemenda, eða 214, en við gerum ráð fyrir 245 – 250 ársnemunum. Nú er leitað allra leiða til að fá einhverja leiðréttingu á þessu. Nefndarmenn ræddu þetta vandamál og hvort eða hvernig mætti tryggja nemendum úr 10 bekk skólavist á vorönn, en þeir lentu undir niðurskurðarhníf menntamálaráðuneytisins. Skólayfirvöld og bæjaryfirvöld hafa einsett sér að leysa það mál.
- Önnur mál:** Lagður var fram til kynningar samningur Fjölbrautarskóla Suðurlands og Handknattleiksdeildar Umf Selfoss (frá 2007), um rekstur Handboltaakademíu Fsu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:05
Ólafur H. Sigurjónsson